

og flestir sem heima eru og að heiman koma nú, töluvert frjáls og eðlilegur í skoðunum. Hann var j á t n i n g a-maður eins og margir eru, eins og vér höfum að framan bent á; vaninn og uppeldið valda því hjá Íslendingum, og sjálfsagt fannst honum ekkert óeðlilegt við það, þótt trúarjátning sín og skoðanir félli ekki saman í ljúfa löð. Kristindómurinn var honum þá meira sem stefna, sem framsóknarandi í og með verkandi menningarbaráttu þjóðanna, tillitslaust til trúarjátninga eða setninga. En nú er skoðanin önnur og hefir verið nokkuð lengi. Það er máské vegna þess, að höf. hefir séð til hvers þetta gat leitt. Eða er það, eigum vér að segja, vegna þess að það er ekki lengur nein keppni um völdin og engin Páll að prédika?

En aldrei nokkru sinni hefir kápa andstæðingsins fallið eins á herðar keppinautsins eins og í þessu tilfelli. Hverjum, er les „Nauðsynlega hugvekju“, gæti ekki annað hugsast, en þar sem talað er um Missouri Synoduna og erindreka hennar, ef aðeins nafnanna væri ekki getið, að hér væri kyrkjufélaginu lýst og kenningum þess, eins og almenningur þekkir það á þessum tíma.

En þetta nægir til þess að benda á að samlíking fyrirlestursins á trú Íslendinga og trú Helga magra er alveg út í hött, og eins skilningur höf. á því hvað kristni sé, er sé form og inn-ganga í kyrkjufélagið (sbr. bls. 115).

En þá er að athuga dálítið gjörr innihald fyrirlestursins og staðhæfingar, sem þar eru gerðar. Á bls. 115 stendur: „Unitarana íslenzku mun enginn telja til kristinna manna, nema ef vera skyldi fáeina menn í þeirra hóp“. Þessum orðum þurfum vér ekki að svara hér né annarsstaðar, því það mun sanna sig á sínum tíma, hverjir teljast meir til manns þegar fram líða stundir, það er vissari vegur og sannari að greina menn af á-vöxtunum en skjalli því, sem á þá er hlaðið að óverðskulduðu. En svo kristnir eru þó Unitarar að þeir hafa öll inntöku skilyrði í Norðursöfnuðinn í Winnipeg, og ekki er langt síðan að höfundurinn sjálfur gerði sér ferð á hendur til organista Unitarasafnaðarins að fá hann í söfnuð sinn.

Þá er tekið ofan í „Eimreiðina“ og dr. Valtýr fyrir rit-